

REGLUR

um málgögn (ágrip) í opinberum málum.

- I. Þegar ríkissaksóknari hefur fengið í hendur dómsgerðir máls skal hann senda Hæstarétti þær ásamt málgögnum (ágrip). Um fjölda eintaka málgagna skal hann hafa samráð við hæstarréttarritara.
- II. Málgögn skulu geyma endurrit eða ljósrit eftirtalinna gagna í þessari röð, nema sérstakar ástæður mæli með annarri niðurröðun:
 1. Ákæra og önnur gögn, sem varða málssóknina sérstaklega.
 2. Hinn áfrýjaði dómur ásamt birtingarvottorði og yfirlýsingu dómþola um áfrýjun, ef því er að skipta.
 3. Áfrýjunarstefna með áritun um birtingu.
 4. Gögn um persónulega hagi sakbornings, svo sem sakavottorð og annað, sem talið er skipta máli við ákvörðun refsingar.
 5. Endurrit af þinghöldum málsins.
 6. Framlögð gögn í héraði, að því leyti sem ríkissaksóknari og skipaður verjandi telja þau nauðsynleg við flutning og úrlausn málsins í Hæstarétti. Niðurröðun þessara gagna skal, eftir því sem við verður komið, vera í samræmi við framsetningu sakarefnis í ákæru og hinum áfrýjaða dómi.
 7. Þegar máli er áfrýjað með takmörkuðum hætti, sbr. a-e liði 147. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994, skal takmarka málgögn með hliðsjón af því, í hvaða skyni áfrýjað er.
- III. Endurrit og ljósrit málgagna skulu vera skýr og vel læsileg. Þau skulu vera með blaðsíðutali og heft saman. Á kápu komi fram númer og nafn máls, svo og nöfn þeirra, sem flytja málið í Hæstarétti. Efnisyfirlit skulu og fylgja.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 154. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 14. gr. laga nr. 37/1994.

Hæstiréttur Íslands, 13. júlí 1994.

Hrafn Bragason.

Erla Jónsdóttir.

REGLUR

um málgögn (ágrip) í einkamálum.

1. Þegar áfrýjandi afhendir Hæstarétti áfrýjunarstefnu og greinargerð sína, skal hann jafnframt skila málgögnum (ágrip) á skrifstofu Hæstaréttar. Um fjölda eintaka skal hann fara að fyrirsögn hæstarréttarritara.
2. Í málgögnum áfrýjanda skulu vera þau málsskjöl og endurrit, sem hann hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir. Áfrýjandi skal kosta kapps um að taka tillit til sjónarmiða stefnda um framlagningu gagna og taka öll þau gögn, sem hann má ætla, að stefndi vilji leggja fram. Í málgögnum skulu vera eftirtalin gögn í endurriti eða ljósriti:
 - a. Héraðsdómsstefna á málinu og skrá yfir framlögð gögn.
 - b. Greinargerð stefnda í héraði.

- c. Skjöl, sem voru lögð fram fyrir héraðsdómi og byggt var á eða vitnað var til í héraðsdómi, stefnu eða greinargerð stefnda.
 - d. Önnur skjöl, sem áfrýjandi telur einhverju geta skipt við úrlausn málsins fyrir Hæstarétti.
 - e. Endurrit af bókunum í þingbók í héraði, eftir því sem þörf krefur.
 - f. Eftirrit af framburði málsaðila eða vitna fyrir héraðsdómi, eftir því sem þörf krefur.
 - g. Héraðsdómurinn, sem áfrýjað er.
 - h. Áfrýjunarstefna.
 - i. Greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti.
 - j. Efnisskrá.
3. Þegar stefndi afhendir greinargerð sína Hæstarétti, skilar hann málgögnum fyrir sitt leyti í jafn mörgum eintökum og áfrýjandi. Í málgögnum stefnda skulu vera málskjöl og endurrit, sem hann hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og þegar eru tiltæk, að því leyti sem þau er ekki að finna í málgögnum áfrýjanda. Í málgögnum skal einnig vera greinargerð stefnda.
 4. Við val á málgögnum skal áfrýjandi leggja kapp á, að þau gefi skýra mynd af málinu í heild að teknu tilliti til þeirra krafna, sem hann gerir um breytingar á héraðsdómi, og á það sama við um stefnda að því leyti, sem hann telur skorta á gögn í málinu af hendi áfrýjanda. Aðilum er rétt að forðast að leggja fram gögn, sem hafa ekki sjálfstætt gildi, svo sem gögn um atriði, sem ágreiningur er ekki um, eða bréf, sem hafa gengið á milli þeirra fyrir höfðun málsins og veita enga vitneskju umfram stefnu eða greinargerð. Í eftirriti af framburði aðila eða vitna fyrir dómi skal ekki taka annað en það, sem áfrýjandi eða stefndi telur einhverju skipta til sönnunar á staðhæfingu sinni um málsatvik, en þess skal þó sérstaklega gætt, að engu sé sleppt úr framburði, sem þörf er á samhengis vegna.
 5. Málgögn skulu vera heft saman. Á kápu þeirra skal greina nafn og númer máls og nöfn þeirra, sen flytja málið í Hæstarétti. Endurrit eða ljósrit af skjölum skulu vera skýra og vel læsileg.
 6. Fremst í málgögnum áfrýjanda skal vera efnisskrá, sbr. lið 9, en hún má þó vera í sérstöku hefti, ef hann kys. Í málgögnum áfrýjanda skal næst koma héraðsdómstefna og greinargerð stefnda í héraði, en þar á eftir gagnstefna og greinargerð í gagnsök, ef um það er að ræða. Síðan skulu málskjöl að jafnaði vera í tímaröð. Ódagsett skjöl skal setja þar, sem ætla má, að þau eigi heima. Ef sérstaklega stendur á, má raða skjölum að hluta í efnisröð. Næst skulu koma þinghöld eða dagsetningar þeirra og skal það úr þeim tekið með, sem máli skiptir og sýnir rétta framvindu málsins. Þá kemur áfrýjaði dómurinn í heild. Á eftir honum skal vera áfrýjunarstefna og greinargerð áfrýjanda. Í málgögnum stefnda skal skjölum og endurritum raðað með sama hætti. Þegar skjölum er sleppt eða eftirriti af framburði aðila eða vitnis í heild, skal þess getið á þeim stað í málgögnum, þar sem skjalið eða eftirritið hefði annars verið. Ef sleppt er hluta af skjali eða framburði, skal auðkenna úrfellingu með punktalínu, sem standi á milli greinarskila. Við punktalínu eða í neðanmálgrein frá henni skal tekið fram hversu mikið efni hafi verið fellt úr, svo sem fjöldi blaðsíðna úr skjali eða mínútufjöldi í munnlegri skýrslugjöf.
 7. Málgögn skulu vera með blaðsíðutali. Ný skjöl fyrir Hæstarétti skulu merkt með bókstöfum og skulu þau þeirra, sem komast í málgögnin, jafnframt vera blaðsíðuset þar á viðeigandi stað.

8. Uppdrættir, ljósmyndir og annað, sem ekki er unnt að hafa í málgögnum skal vera í sérstöku hefti eða möppu. Það skal merkt með rómverskum tölum og skal þessara gagna getið þar í málgögnum, sem þau væru ella.
9. Efnisskrá í málgögnum áfrýjanda skal vera sem hér segir: Í fyrsta kafla hennar skal geta allra skjala í framlagningarröð í héraði með réttu númeri. Í öðrum kafla skal greina öll þinghöld. Í þriðja kafla skal nefna öll ný skjöl fyrir Hæstarétti með bókstafsmerkingu. Í fjórða kafla skal tiltaka nöfn allra þeirra sem hafa komið fyrir dóm. Í fimmta kafla skal vera tímaskrá. Þar skal greina öll meginatriði málsatvika í tímaröð. Í öllum köflum efnisskrárinnar skal vísa til blaðsíðutals í málgögnum og heftis, ef þau eru fleiri en eitt, að því leyti, sem skjöl eða endurrit eru tekin þar upp, en annars skal tekið þar fram að þeim sé sleppt. Kaflaskipan í efnisskrá í málgögnum stefnda skal vera samsvarandi, en í skránni skal þó aðeins getið skjala og endurrita, sem þar eru tekin upp.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 156. gr. og 3. mgr. 159. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 10. og 13. gr. laga nr. 38/1994.

Hæstiréttur Íslands, 13. júlí 1994.

Hrafn Bragason.

Erla Jónsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að:

1. stöðvunarskylda verði á Laugalæk gagnvart Sundlaugavegi.
2. stöðvunarskylda verði á Smiðjustíg gagnvart Hverfisgötu.
3. biðskylda verði á Grettisgötu gagnvart Vitastíg.
4. biðskylda verði á Þingholtsstræti gagnvart Amtmannsstíg.
5. hægri beygja verði leyfð fyrir leigubíla úr Lækjargötu inn á Austurstræti.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. ágúst 1994.

Böðvar Bragason.